

## Starfsemi verðlagsnefndar búvöru 2017

Verðlagsnefnd búvöru ákveður samkvæmt lögum lágmarksverð til bænda fyrir mjólk innan greiðslumarks og einnig heildsöluverð helstu mjólkurvara. Í raun hafa ákvarðanir verðlagsnefndar um heildsöluverð þó áhrif á allar vörur sem aðildarfélög SAM framleiða. Um árabíl hefur verið sátt um að verðlag á vörum, sem nefndin verðleggur ekki, taki breytingum nokkurn veginn í takt við ákvarðanir nefndarinnar. Við ákvarðanir á heildsöluverði Verðlagsnefndar tekur nefndin tillit til afkomu mjólkuriðnaðarins, batni afkoma iðnaðarins dregur Verðlagsnefnd úr verðhækkunum.

Samkvæmt búvörolögum skal tilnefningu fulltrúa í verðlagsnefnd búvöru vera lokið 15. júní ár hvert, en nefndin skal vera fullskipuð 1. júlí ár hvert (samkvæmt 7. gr. laga númer 99/1993). Árið 2017 var verðlagsnefnd ekki fullskipuð fyrr en 3. október. Vegna þess hve seint var skipað í nýja verðlagsnefnd var fyrsti fundur nefndarinnar árið 2017 ekki haldinn fyrr en 17. október 2017.

Verðlagsnefnd búvöru hélt þrjá bókaða fundi árið 2017.

Helstu niðurstöður þessarar þriggja funda voru eftirfarandi:

- Ákveðið var að ræða við Hagstofu Íslands um uppfærslu eða endurnýjun á Verðlagsgrundvelli kúabús.  
*Verðlagsgrundvöllur kúabús var tekin í notkun 2001 og hefur ekki verið endurskoðaður síðan. Augljóst er því að grundvöllurinn er komin til ára sinna og endurskoðun nauðsynleg. Hagstofan vinnur nú að gerð við hagreikninga landbúnaðarins upp úr skattframtölum og landbúnaðarskýrslum bænda og mun nefndin óska eftir að fá aðgang að þessum upplýsingum þegar þær liggja fyrir.*
- Ákveðið var að nefndin setji sér skriflegar verklagsreglur. Reglurnar verði skrifaðar innan ráðuneytisins og síðan lagðar fyrir nefndina til frekari úrvinnslu.  
*Verklagsreglur nefndarinnar hafa ætíð verið mjög skýrar en nauðsynlegt er að þær séu til skriflegar og aðgengilegar.*
- Formanni falið að kanna möguleika á að fá utanaðkomandi sérfræðing til að annast úttekt á rekstri mjólkuriðnaðarins og framlegð og bera saman kostnað við mjólkurvinnslu á Íslandi og í nokkrum öðrum löndum.

Á tímabilinu 1. júlí 2016 – 2. október 2017, var verðlagsnefnd búvara skipuð eftirtöldum fulltrúum: Ólafur Friðriksson, formaður nefndarinnar frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Björg Bjarnadóttir og Sverrir Björn Björnsson tilnefnd af Velferðarráðuneyti, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson og Arnar

Árnason, fulltrúar Bændasamtaka Íslands, Guðrún Sigurjónsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson fulltrúar Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

Frá 3. október 2017 er verðlagsnefnd búvöru þannig skipuð: Kristrún M. Frostadóttir, formaður skipuð af ráðherra, Arnar Árnason og Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, tilnefndir af Bændasamtökum Íslands, Rögnvaldur Ólafsson og Jóhanna Hreinsdóttir, tilnefnd af Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf, Þórólfur Geir Matthíasson og Dóra Sif Tynes, tilnefnd af velferðarráðuneytinu. Einnig tilnefndi ráðherra Októ Einarsson, sem áheyrnarfulltrúa minni vinnslufyrirtækja mjólkur með tillögurétt.

Fulltrúar SAM í verðlagsnefnd búvöru þakka farsælt samstarf í nefndinni á árinu.

f.h. SAM í Verðlagsnefnd búvöru

Rögnvaldur Ólafsson      Jóhanna Hreinsdóttir